

Fundargerð Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

5. fundur, 1. september 2003 haldinn í samgönguráðuneyti, kl. 15 - 16.30

Mætt: Thomas Möller formaður, Ólafur J. Briem, Már Sveinbjörnsson, Hörður Blöndal, Gísli Viggósson, Ari Guðmundsson, Dagmar Sigurðardóttir, Sigurður Skúli Bergsson, Guðmundur Ómar Þráinsson, Sigurbergur Björnsson og Unnur Sverrisdóttir.

Formaður fór yfir fundargerð síðasta fundar, Unnur upplýsti að hún hefði tekið tillit til athugasemdar Helgu Jónsdóttur og var fundargerðin samþykkt með þeirri breytingu. Þar sem þrír nýir fulltrúar hafa bæst í hópinn var starf stýrihópsins reifað í stuttu máli og hlutverk hans samkvæmt skipunarbréfinu. Nýju fulltrúarnir eru : Dagmar Sigurðardóttir frá Landhelgisgæslunni, Sigurður Skúli Bergsson frá Tollstjóranum í Reykjavík og Guðmundur Ómar Þráinsson frá Ríkislögreglustjóranum og eru þau öll boðin velkomin til starfa. Jafnframt var samþykkt að beina þeim tilmælum til þeirra hvort þau gætu kannað hvort upplýsingar og gögn um innleiðingu ISPS lægju fyrir hjá systurstofnunum þeirra.

Formaður spurði hvort unnt væri að hanna hnapp á heimasíðu ráðuneytisins sem fulltrúar gætu nýtt sér með aðgangsorði. Unnur upplýsti að það myndi vera hægt og kosta u.þ.b. 30-50 þús. krónur og gæti verið komið í gagnid um miðjan september.

Unnur, Ólafur, Gísli, Már og Ari sögðu frá heimsókn sem farin var þann 26. ágúst, til sýslumannsins og flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli. Voru þau öll sammála um að gagn hefði verið að heimsókninni og ljóst að mikið starf hefur verið unnið þar í flugverndarmálum sem hægt er að læra af og jafnvel samnýta ákveðna þekkingu. Lýstu bæði sýslumaður og flugvallarstjóri sig tilbúna að aðstoða hópinn ef þeir gætu og ef þess yrði óskað.

Unnur lagði til að hópurinn færi í sams konar heimsókn til Flugmálastjóra.

Að lokum lagði formaður áherslu á að á næsta fundi lægju fyrir drög að áfangaskýrslu og var Unni og Sigubergi áfram falin ritsjórn hennar.

Ákveðið að hafa næsta fund á sama stað, mánudaginn 15. september n. k. kl. 15.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Unnur Sverrisdóttir ritaði fundargerð.